



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Meginreglur ESB-réttar um bein réttaráhrif, bein lagaáhrif og forgangsrétt

Hvert er gildi þeirra í EES-rétti?

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2021

Meginreglur ESB-réttar um bein réttaráhrif, bein lagaáhrif og forgangsrétt

Hvert er gildi þeirra í EES-rétti?

Nökkvi Alexander Rounak Jónsson

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í lögfræði

Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2021

Titill: Meginreglurnar ESB-réttar um bein réttaráhrif, bein lagaáhrif og forgangsrétt, hvert er gildi þeirra í EES-rétti?
12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í lögfræði.

Höfundarréttur © 2021 Nökkvi Alexander Rounak Jónsson
Öll réttindi áskilin

Lagadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurlóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Nökkvi Alexander Rounak Jónsson, 2021, bakkalárprófsverkefni, Lagadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 34 bls.

Ágrip

Megináherslan í ritgerðinni er á meginreglurnar um bein réttaráhrif, bein lagaáhrif og forgangsrétt en þær búa yfir mikilvægu hlutverki í ESB-rétti og tryggja yfirþjóðlegt einkenni Evrópusambandsins. Einnig verður gildi meginreglnanna skoðað í tenglum við EES-rétt. Þar næst verður litið á bókun 35 og áhrif hennar á réttarkerfi EFTA-ríkjanna sem eru aðilar að EES-samningnum. EFTA-dómstóllinn leikur stórt hlutverk að því er varðar túlkun bókunar 35 og nokkrir dómar verða reifaðir til þess að gefa skýrari mynd af bókuninni sem og gildi meginreglnanna í EES-rétti.

Lykilhugtök: Lögræði, Evrópuréttur, Evrópusambandið, Evrópska efnahagssvæðið, EFTA dómstóllinn.

Abstract

The main focus of this thesis is on direct effect, direct applicability and the supremacy of EU law, these are important principles in EU law that ensure the supranational characteristics of the European Union. The validity of the principles will also be examined in connection with EEA law. It will examine Protocol 35 of the EEA agreement and how it has affected the legal systems of the EFTA States that are parties to the EEA agreement. The EFTA Court plays a major role in the interpretation of Protocol 35 and several judgments will be handed down to give a clearer picture of the Protocol as well as the validity of the principles of EEA law.

Key concepts: Law, EU law, European Union, EEA, EFTA court.

Þessi ritgerð er tileinkuð foreldrum mínum sem hafa stutt mig í gegnum súrt og sætt og hafa alltaf verið mér innan handar.

Formáli

Áhugi minn á alþjóðalögum kviknaði strax á fyrsta ári í laganáminu, þegar ég sat mína fyrstu kennslustund í námskeiðinu þjóðaréttur og varð strax heillaður. Það leið ekki nema eitt ár þar til ég tók tvö námskeið sem heita Evrópuréttur I og II, en þar lærði ég um stofnanir Evrópusambandsins og sögu Evrópusambandsins, forsögu þess, stofnun og þróun til dagsins í dag. Það sem vakti þó mestan áhuga minn er efni þessarar lokaritgerðar sem felst í því að skilja meginreglur ESB-réttar og hvernig þær fléttast inn í EES-rétt. Það var mér því mikið gleðiefni þegar ég fékk staðfestingu á því að ég mætti skrifa um þetta efni og hefur þetta verkefni eflt skilning minn á því. Í ritgerð þessari verður fjallað um meginreglur ESB-réttar og gildi þeirra í EES-rétti. Hún er 12 ECTS eininga lokaverkefni til BA prófs í lögfræði við Háskólann á Akureyri.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Ragnheiði Elfu Þorsteinsdóttur, sem einnig var kennarinn minn í öllum þeim námskeiðum sem ég hef talið upp, fyrir að opna hug minn og gefa mér víðtækari sýn á lögfræðina í heild sinni. Innsýn hennar í námsefnið hefur svo sannarlega hjálpað mér við ritun þessarar ritgerðar og vakið áhuga minn á efninu. Þakkir fær einnig móðuramma mín, Guðlaug Berglind Björnsdóttir, sem hefur haft óbilandi trú á mér frá því að ég man eftir mér og gert mig að betri manni.

Efnisyfirlit

| | | |
|----------|---|-----------|
| 1 | INNGANGUR | 1 |
| 2 | EVROPUSAMBANDIÐ | 3 |
| 2.1 | RÉTTARHEIMILDIR EVRÓPUSAMBANDSINS | 8 |
| 2.2 | ESB-DÓMSTÓLLINN..... | 9 |
| 3 | EVROPSKA EFNAHAGSSVÆÐIÐ | 10 |
| 3.1 | AÐDRAGANDI AÐ EES-SAMNINGNUM | 10 |
| 3.2 | EES-SAMNINGURINN..... | 11 |
| 4 | ÞJÓÐARÉTTUR OG LANDSRÉTTUR | 13 |
| 4.1 | ESB-RÉTTUR OG LANDSRÉTTUR | 14 |
| 5 | MEGINREGLUR ESB-RÉTTAR | 16 |
| 5.1 | BEIN RÉTTARÁHRIF | 16 |
| 5.2 | BEIN LAGAÁHRIF | 17 |
| 5.3 | FÖRGANGSÁHRIF..... | 18 |
| 6 | GILDI MEGINREGLNA ESB-RÉTTAR Í EES-RÉTTI | 20 |
| 6.1 | BEIN RÉTTARÁHRIF Í EES RÉTTI | 20 |
| | <i>MEGINREGLUR ESB-RÉTTAR TENGDA ÓLÖGFESTUM EÐA RANGLEGA LÖGFESTUM EES-REGLUM</i> | 21 |
| 6.2 | BÓKUN 35..... | 25 |
| | <i>TÚLKUN EFTA-DÓMSTÓLSINS Á BÓKUN 35</i> | 26 |
| 7 | NIÐURSTÖÐUR | 31 |
| | HEIMILDIR | 33 |

1 Inngangur

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er bein réttaráhrif, bein lagaáhrif og forgangsréttur ESB-réttar í tengslum við EES-rétt. Fyrst verður farið yfir sögu og réttarkerfi Evrópusambandsins (ESB), þar sem fram mun koma hvaða ríki áttu frumkvæði að myndun Evrópusambandsins og saga þess rakin allt frá fyrsta samruna Evrópuríkja. Fjallað verður um réttarkerfi ESB út frá grunnreglum lögfræðinnar, réttarheimildum og hlutverki Evrópudómstólsins. Því næst verður farið í stofnun Evrópska Efnahagssvæðisins (EES), EES-samninginn og fjallað örstutt um uppbyggingu hans. Þá verða tengslin milli þjóðaréttar og landsréttar útskýrð og stuttlega greind með tilliti til meginreglnanna um eineðli og tvíeðli. Þá verður farið yfir meginreglurnar í ESB-rétti um bein réttaráhrif, bein lagaáhrif og forgangsáhrif og einnig þýðingu þeirra í EES-rétti. Í þeirri umfjöllun birtist grundvallarmunurinn á túlkun meginreglnanna, annars vegar í ESB-rétti og hins vegar í EES-rétti. Bókun 35 gegnir mikilvægu hlutverki við að sýna fram á gildi meginreglna ESB-réttar í EES-rétti og því verður fjallað um hana og hvernig EFTA-dómstóllinn hefur túlkað hana. Að því loknu verður komist að niðurstöðu um gildi meginreglnanna um bein réttaráhrif, bein lagaáhrif og forgangsáhrif ESB-réttar í EES-rétti.

2 Evrópusambandið

Hugmyndin að sameinaðri Evrópu leit dagsins ljós í kjölfar loka síðari heimstyrjaldar. Þá var aðalmarkmið þjóða að tryggja varanlegan frið í Evrópu. Stríð hafði geisað í rúm sex ár með hræðilegum afleiðingum og tími kominn á samvinnu milli Evrópuríkjanna.¹ Það var hins vegar rökrætt í nokkur ár hvernig skyldi standa að aukinni samvinnu en Winston Churchill, þáverandi forsætisráðherra Bretlands, sagði í ræðu við Háskólann í Zürich árið 1946 að það þyrfti að endurvekjja „evrópsku fjölskylduna“ og byggja þyrfti „Bandaríki Evrópu“.² Orð Churchill í Zürich fóru vel í evrópsk ríki en það vantaði einhvern til þess að taka við keflinu, enda var efnahagskreppa um alla Evrópu og fólk var einungis að hugsa um það að eiga til hnífs og skeiðar og lifa af. Þá kom George Marshall, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, til sögunnar og fullyrti í ræðu sinni við Harvard háskólann að Bandaríkin myndu bjóða fram hjálp sína til þess að endurbyggja efnahag Evrópu og víðar í heiminum. Marshall-áætlunin var því mynduð, en hún var samþykkt af sextán Evrópuríkjum árið 1947 og átti að tryggja aukið fjármagn. Stofnanir sem áttu stóran þátt í myndun Evrópusambandsins urðu til þegar Efnahags- og viðskiptastofnun Evrópu og Evrópuráðið litu dagsins ljós árið 1949.³

Á meðan öllu þessu stóð myndaðist aukin samvinna milli Frakklands og Vestur-Þýskalands. Voru það Robert Schuman, utanríkisráðherra Frakklands, Jean Monnet, ráðgjafi frönsku ríkistjórnarinnar og Konrad Adenauers kanslari Vestur-Þýskalands sem samþykktu að setja kola- og stálframleiðslu Frakklands og Þýskalands undir einn hatt. Samningar um þetta voru undirritaðir í París 18. apríl 1951 og tóku gildi 23. júlí 1952. Það voru svo sex ríki sem skrifuðu undir aðild að samningnum: Frakkland, Ítalía, Vestur-Þýskaland, Holland, Belgía og Lúxemborg.

¹ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 15

² P.S.R.F. Mathijsen, *A Guide to European Union Law* (8. útg., Sweet & Maxwell 2005) 12

³ P.S.R.F. Mathijsen, *A Guide to European Union Law* (8. útg., Sweet & Maxwell 2005) 13

Bandalag ríkjanna sex fékk svo heitið Kola- og stálbandalag Evrópu (KSE) og var stofnað til 50 ára.⁴

Þrátt fyrir þetta stóra skref í átt að sameinaðri Evrópu náði samningurinn um Kola- og stálbandalag Evrópu einungis til framleiðslu og sölu kola, járns og stáls. Markmiðið var að skapa frið og aðildarríkin yrðu ein stór heild í framleiðslu þar sem þessar vörur gegndu mikilvægu hlutverki til stríðsrekstrar. Með samningnum mynduðu aðildarríkin þetta og góða efnahagsstarfsemi og urðu hvert öðru háð um mikilvæg hráefni. Því voru slegnar tvær flugur í einu höggi en ekki var einungis leitast við að tryggja framleiðslu og hagkvæmni heldur var einnig sköpuð leið til þess að koma í veg fyrir stríð milli aðildarríkjanna. Margir fræðimenn hafa bent á að KSE, sem hafði það markmið að auka samvinnu og koma á friði og stöðugleika í Evrópu, hafi tekist ætlunarverk sitt.⁵ Fleiri hugmyndir að frekari samvinnu urðu til og ein þeirra tengdist stjórnar- og varnarmálum. Út frá þeirri hugmynd myndaðist samningur um Varnarbandalag Evrópu sem var undirritaður árið 1952. Það sem fólst í þeim samningi var að stofna Evrópuher undir sameiginlegri evrópskri stjórn, en hins vegar strandaði þessi hugmynd á því að Frakkar neituðu að skrifa undir samninginn og felldu hugmyndina á franska þinginu árið 1954. Áður en þetta gerðist höfðu kviknað hugmyndir um stjórnmalabandalag Evrópu, en þegar Frakkar neituðu að skrifa undir var hætt við stofnun þess.

Þrátt fyrir að Varnarbandalag Evrópu yrði ekki að veruleika náðist samstaða um að mynda Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) sem fólst í því að aðildarríki KSE komu saman og voru samhuga í nánú samstarfi í efnahags- og viðskiptamálum. Það var þó ekki það eina sem aðildarríkin samþykktu því þau fóru einnig í þá vinnu að stofna Kjarnorkubandalag Evrópu (KBE). Með þeirri myndun varð samstarf um sameiginlega stjórn og hagnýtingu á kjarnorkuframleiðslu að veruleika og Evrópubandalagið og starfsemi þess varð öflugra. Báðir þessir samningar voru undirritaðir í Róm 25. mars 1957 og ganga undir heitinu Rómarsamningarnir og tóku gildi 1. janúar 1958.⁶

Gott samstarf aðildarríkja að EBE breiddist út til annarra Evrópuríkja sem olli því að fylgi við hugmyndir um samstarf jukust og efldust á níunda áratugnum og þá aðallega tengt því að

⁴ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 15

⁵ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 16

⁶ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 17

styrkja sameiginlegan markað. Með sameiginlegum markaði var hægt að afnema tæknilegar viðskiptahindranir sem höfðu hamlað viðskiptum milli ríkja áður fyrr. Þarna sáu ríki í Evrópu möguleika og góðan vettvang til að auka innflutning og útflutning sem stuðlaði að betra og sterkara efnahagskerfi. Rómarsáttmálinn frá 1957 átti stóran þátt í undirbúningi og myndun Evrópusambandsins eins og það er í dag. Heiti sáttmálans hefur breyst í gegnum tíðina og nú heitir hann „Sáttmálinn um framkvæmd Evrópusambandsins“ (SFE). Heitið Rómarsáttmáli er einungis notað í sögulegu samhengi. Rómarsáttmálinn var nokkuð frábrugðinn samningunum um KSE og KBE. Hann byggðist öðru fremur á almenntri nálgun frekar en svæðisbundinni nálgun. Ákvæði sáttmálans voru þannig séð almennt orðuð og með rúmt gildissvið sem hjálpaði aðildarríkjum í viðskipta- og efnahagsmálum. Það voru því ekki lengur not fyrir gamla samninga og sáttmála, líkt og KSE sem geymdi sérákvæði, þar sem þau ákvæði mátti finna í Rómarsáttmálanum að einhverju leyti. Ákvæði Rómarsáttmálans voru almennt orðuð og varð það til þess að þau gáfu svigrúm til mats sem ekki var hægt í hinum tveimur sáttmálunum (KBE og KSE).⁷

Eftir að Rómarsáttmálinn tók gildi varð hugmyndin um sameiginlegan markað að veruleika, en þetta hugtak var notað yfir tolla- og markaðsbandalag aðildarríkjanna. Það sem fólst í sameiginlega markaðnum var í fyrsta lagi markaðsbandalag sem laut að innflutningi til og frá ríkjum bandalagsins og í öðru lagi tollabandalag gagnvart innflutningi til og frá ríkjum bandalagsins⁸. Þetta myndaði svokallað fjórfrelsi, frjálst flæði á vörum, þjónustu, vinnuafli og fjármagni. Árið 1986 átti þetta markaðsbandalag eftir að verða mun öflugra og var endurnefnt innri markaður Evrópu. Þrátt fyrir að Rómarsáttmálinn stuðlaði að sameiginlegum markaði mátti einnig finna ákvæði um sameiginlegar samkeppnisreglur sem tryggðu fyrirtækjum jafna samkeppnisstöðu. Þá var mörkuð í sáttmálanum landbúnaðarstefna og viðskiptastefna gagnvart viðskiptum við ríki utan bandalagsins. Með þessum stefnum og mörgum breytingum í gegnum tíðina hafði stefna ESB rýmkað töluvert. Þrátt fyrir þær breytingar er fjórfrelsið og sameiginlegar samkeppnisreglur enn þá kjarni sambandsins.⁹

⁷ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 19

⁸ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 20

⁹ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 20

Eftir margra ára undirbúning jókst samstarfsvilji til að styrkja starfsemi EBE, einkum á níunda áratugnum. Meginmarkmiðið var að styrkja sameiginlegan markað aðildarríkjanna og fella niður viðskiptahindranir. Framkvæmdastjórn sambandsins birti tillögur í Hvítbók um svokallaðan innri markað EBE með nauðsynlegum reglum sem hægt væri að beita í þessu skyni. Til þess að þetta yrði að veruleika þurfti að breyta ákvarðanatökuférlinu innan sambandsins og auka skilvirkni. Niðurstaðan varð sú að ákvarðanir í ráðherraráðinu þyrftu að vera með meirihlutaatkvæðagreiðslu andstætt því sem áður hafði verið.¹⁰ Út frá þessum hugmyndum varð innri markaðurinn til. Hann fól í sér áætlun um að EBE yrði eitt markaðssvæði án nokkurra landamæra þar sem frjáls vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, för fólks og streymi fjármagns væri tryggt. Þetta kallaði á samræmingu löggjafar aðildarríkjanna svo aðstæður fyrir framleiðslu og fleira yrðu sambærilegar milli ríkjanna og að þær viðskiptahindranir sem til staðar voru myndu hverfa. Það sem kom í kjölfar Hvítbókar framkvæmdastjórnar var að Rómarsáttmálinn yrði endurskoðaður og var samningur um endurskoðun hans undirritaður 1986 og tók gildi 1. júlí 1987. Þessi nýi sáttmáli fékk heitið Einingarlög Evrópu. Heiti sáttmálans var hins vegar ekki til þess að marka einingu aðildarríkjanna heldur til þess að safna saman ákvæðum og skyldum atriðum í einn sáttmála. Markmið sáttmálans var að efla samvinnu aðildarríkjanna og að koma innri markaði bandalagsins á fót 31. desember 1992. Í kjölfar sáttmálans kviknuðu hugmyndir sem tengdust því að efla innri markaðinn. Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) hófu viðræður um sameiginlegt markaðssvæði og lauk þeim viðræðum með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þessar viðræður urðu til þess að innri markaðurinn varð stærri og gaf aðildarríkjum EFTA möguleika á auknu samstarfi innan efnahagssvæðisins.¹¹

Í upphafi tíunda áratugarins voru haldnar tvær ráðstefnur sem höfðu þann tilgang að leggja lokahönd á undirbúning að stofnun efnahags- og myntbandalags og stjórnmalabandalags. Þessum undirbúningi lauk á leiðtogafundi í Maastricht í Hollandi árið 1991 og nýr sáttmáli var undirritaður árið 1992 sem fékk nafnið Maastrichtsáttmálinn. Í kjölfarið fylgdi samningur sem tók til stofnunar ESB og fékk hann heitið Samningurinn um Evrópusambandið. Þrátt fyrir að í Maastrichtsáttmálanum hafi verið ýjað að stofnun Evrópusambandsins fólst ekki í honum það Evrópusamband sem þekkt er nú á dögum. Gamla

¹⁰ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 26

¹¹ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 27

ESB var í raun rammi sem náði utan um bandalögin. Efnahagsbandalagið fékk svo nýtt heiti undir Maastrichtsáttmálanum og því breytt í Evrópubandalagið, EB. Þrátt fyrir þessar breytingar breyttist það ekki að EB, KSE og KBE væru sjálfstæð bandalög en árið 2002 rann samningurinn um KSE út og þar með var ákveðið að binda enda á KSE sem sérstakt bandalag.¹²

Í kjölfar leiðtogafundar hófst uppbygging að ESB eins og við þekkjum í dag. Ákvæði Maastrichtsáttmálans kváðu á um að halda skyldi ráðstefnu ríkisstjórna árið 1996 til þess að endurskoða sáttmálann og lauk því starfi í Amsterdam það sama ár. Nýr sáttmáli leit dagsins ljós og tók gildi 1999 og fékk hann heitið Amsterdamsáttmálinn.¹³ Meginatriði hans tengdust frjálsri för fólks um álfuna, flóttamanna og innflytjenda, og voru ákvæðin færð úr Maastrichtsáttmálanum (ESB-sáttmálinn) yfir í EB-sáttmálann. Ákvæðin urðu svo hluti af yfirþjóðlegu regluverki sambandsins. Schengen-sáttmálinn frá 1985 var einnig færður undir bandalögin með sérstakri bókun. Því næst leit Nissasáttmálinn dagsins ljós árið 2000 og var megininntak hans að laga stofnanaverk bandalaganna, þá sérstaklega þær reglur sem giltu um ákvarðanatöku ráðherraráðsins. Árið 2004 var stjórnarskrársáttmáli Evrópu samþykktur af fulltrúum aðildarríkjanna. Hann hafði að geyma gildandi efnisreglur stofnsáttmálanna og var mannréttindaskrá ESB færð í stjórnarskrána og lagaleg gerð sambandsins einfölduð. Svo fór að stjórnarskránni var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslum í Hollandi og Frakklandi árið 2005 og öðlaðist hún því aldrei gildi.¹⁴

Þegar stjórnarskrársáttmálanum var hafnað kallaði það á breytingar á stofnanaverki og ákvarðanatöku ESB. Því var efnt til nýrrar ríkjaráðstefnu. Markmið þeirrar vinnu var að taka upp mikilvægustu atriði stjórnarskrársáttmálans og klæða þau í nýjan búning. Þessi vinna tókst og var nýr sáttmáli undirritaður árið 2007 og öðlaðist hann gildi árið 2009 undir heitinu Lissabonsáttmálinn. Með honum var stofnað embætti forseta leiðtogaráðsins og nýjar stofnanir myndaðar til þess að efla stöðu ESB á alþjóðlegum vettvangi.¹⁵ Einnig átti sér stað grundvallarbreyting á stjórnskipulagi ESB þegar fyrrnefnd stofnun og EB voru sameinuð undir

¹² Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 28

¹³ Evrópustofa. „Saga ESB sáttmálanna“ (*Evrópustofa – upplýsingamiðstöð ESB*) <<https://eeas.europa.eu/archives/delegations/iceland/evropustofa/evropusambandid/hvad-er-esb/esb-i-hnotskurn/saga-sattmalanna.html>> skoðað 20. febrúar 2021

¹⁴ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 30

¹⁵ Evrópustofa. „Saga ESB sáttmálanna“ (*Evrópustofa – upplýsingamiðstöð ESB*) <<https://eeas.europa.eu/archives/delegations/iceland/evropustofa/evropusambandid/hvad-er-esb/esb-i-hnotskurn/saga-sattmalanna.html>> skoðað 20. febrúar 2021

ESB. Það sem breyttist einnig var að heiti EB-sáttmálans, það er Rómarsáttmálans frá 1957, fékk nýtt heiti: Sáttmálinn um framkvæmd Evrópusambandsins (SFE). Lissabonsáttmálinn markar því upphaf ESB sem starfar enn í dag.¹⁶

2.1 Réttarheimildir Evrópusambandsins

Evrópusambandið býr yfir sjálfstæðu réttarkerfi og byggir eins og önnur sjálfstæð réttarkerfi á sjálfstæðum réttarheimildum sem aðskilur réttarkerfi sambandsins frá þjóðarétti. Enn fremur hafa lög ESB-réttar bein eða óbein áhrif á lög aðildarríkja þess og verða hluti að réttarkerfi þeirra. Evrópusambandið er í sjálfu sér uppspretta laga sem hefur áhrif á aðildarríki sambandsins.¹⁷ Skilgreiningin á réttarheimild hjá Evrópusambandinu er mjög svipuð þeirri sem gildir í íslenskum rétti ef farið er eftir skilgreiningu Sigurðar Líndal:

Réttarheimildir eru þau viðmið – gögn, sú háttsemi, þær hugmyndir og hvaðeina annað – sem almennt er viðurkennt að nota skuli eða nota megir til rökstuðnings þegar réttarreglu er slegið fastri eða hún mótuð almennt eða í ákveðnu tilfalli.¹⁸

Réttarheimildum Evrópusambandsins er venjulega skipt upp í þrjá viðurkennda hluta. Stofnsáttmála ESB (*e. Primary law*), t.d. Lissabonsáttmálinn og Sáttmálinn um framkvæmd Evrópusambandsins, afleiddan rétt (*e. Secondary law*) þ.e. reglur sem stofnanir sambandsins hafa sett með stoð í stofnsáttmálanum, oft nefndar gerðir.¹⁹ Í þeirri réttarheimild er vísað til ákveðins lagabálks eða 288. gr. SFE en þar eru nefndar fernskonar réttargerðir stofnananna: reglugerðir, tilskipanir, ákvarðanir, tilmæli og álit. Síðasti hluti réttarheimilda ESB-réttar eru fordæmi ESB-dómstólsins (*e. Case law*).²⁰ Rétt eins og í íslenskum rétti gilda svipuð sjónarmið um fordæmi, að dómur sé ekki formlega bindandi nema um tiltekið sakarefni sé að ræða og það leyst út frá fordæminu. ESB-dómstóllinn fylgir almennt fyrri fordæmum sínum og því teljast

¹⁶ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 31

¹⁷ Udo Bux, „Sources and scope of European Union Law“ (*European Parliament*, 2021)

<<https://www.europarl.europa.eu/factsheets/en/sheet/6/sources-and-scope-of-european-union-law>> skoðað 1. maí 2021.

¹⁸ Sigurður Líndal, *Um lög og lögfræði, Grundvöllur laga – Réttarheimildir*, (Hið íslenska bókmenntafélag 2007) 75 76

¹⁹ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 50

²⁰ EUR-lex, „Sources of European Union law“ (EUR-lex, Access to European Union law 13. mars 2020)

<<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=LEGISSUM%3A14534>> skoðað 30. apríl 2021

fordæmi mikilvæg réttarheimild í ESB-rétti og eru fjölmargar reglur reistar á fordæmum ESB-dómstólsins, t.d. reglurnar um bein réttaráhrif og forgangsáhrif ESB-réttar.²¹

2.2 ESB-dómstóllinn

Dómstóll Evrópusambandsins (ESB-dómstóllinn) er samheiti yfir allt dómskerfi Evrópusambandsins sem þýðir að þegar vísað er til þessa hugtaks er ekki verið að fjalla um einstakan dómstól heldur þrjá dómstóla: „Dómstóllinn“ (e. *The Court of Justice*), almenna réttinn (e. *The General Court*) og sérdómstóla (e. *Specialised Courts*). Skylda dómstólsins er að tryggja að farið sé að lögum við túlkun og beitingu sáttmálanna, skv. 1. mgr. 19. gr. ESB-sáttmálans. Dómstóllinn á því lokaorðið, eða hið endanlega álit, þegar kemur að túlkun á reglum ESB-réttar, en um það verður fjallað síðar. Lykilhlutverk dómstólsins er að halda uppi réttarríki innan ESB og að allt fari fram samkvæmt reglum og í tengslum við lagaleg álitafni sem skipta jafnan sköpum en réttarríki er eitt af grunngildum ESB, sbr. 2. gr. ESB-sáttmálans. Þegar ESB var stofnað, eða hugmyndin um eitt stórt samband í Evrópu varð að veruleika, var enginn vafi á því að það þyrfti að vera dómskerfi sem sæi um túlkun og beitingu á reglum sambandsins, en þá var markmiðið að tryggja einsleitni aðildarríkja sambandsins og dómstóllinn hafði það hlutverk að tryggja samræmda túlkun á sambandsrétti allra aðildarríkjanna.²²

²¹ Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 62

²² Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 104-105

3 Evrópska efnahagssvæðið

3.1 Aðdragandi að EES-samningnum

Í mörg ár var samvinna EFTA-ríkjanna og Evrópubandalagsins (EB) á tvíhliða grundvelli. EFTA-ríkin áttu þá í sjálfstæðum samskiptum við EB. Sú samvinna átti sér stað allt til ársins 1984 en þá stóð til að auka hana milli bandalaganna tveggja. Aðildarríki EFTA og EB ákváðu að halda ráðherrafund í Lúxemborg þar sem samþykkt var að efla samvinnu ríkjanna á þeim sviðum sem tengdust vöruviðskiptum á sviði rannsóknar- og þróunarmála og umhverfismála. Samstarfið hefur oft verið kennt við landið þar sem fundurinn var haldinn og hefur verið nefnt Lúxemborgarferlið. Um leið fór fram mikil vinna innan Evrópubandalagsins, en Hvítbók framkvæmdastjórnar var sett á laggirnar árið 1985 þar sem gerð var grein fyrir hugmyndinni um sameiginlegan innri markað aðildarríkjanna fyrir árið 1992. Í mars árið 1989 var haldinn leiðtogafundur EFTA-ríkjanna í Osló. Rétt fyrir fundinn hélt framkvæmdastjóri EB á þeim tíma ræðu á fundi þings EB í Strassborg og lýsti yfir vilja til að efla samstarf milli EB og EFTA-ríkjanna og setti fram nýjar hugmyndir að framkvæmdinni. Framkvæmdastjóri EB kom því á framfæri að samstarfið yrði að vera öflugra með sameiginlegum stofnunum á flestum sviðum nema á sviði öryggis- og stjórn mála. Leiðtogar EFTA-ríkjanna tóku vel í þessar nýju hugmyndir og var samstarfið sem fylgdi í kjölfarið kallað Osló-Brussel ferlið. Þann 19. desember 1989 hittust ráðherrar EFTA-ríkjanna og EB á fundi í Brussel þar sem ákveðið var að hefja formlegar samingaviðræður með það að leiðarljósi að ná víðtækum samningi milli þeirra.²³

Þessar samingaviðræður áttu eftir að reynast erfiðar, sérstaklega um ágreiningsmál sem tengdust fiskveiðum, EFTA-sjóðnum²⁴ og þungaflutningum um Alpalöndin, en í mörg ár höfðu Sviss og Austurríki haft þungatakmarkanir á þjóðleiðum um löndin vegna mengunarvandamála.²⁵ Það var því kallað til ráðherrafundar EFTA og EB dagana 21. – 22. október 1991 þar sem markmiðið var að finna heildarlausn á þessum vandamálum og það tókst.

²³ Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000) 59

²⁴ Sjóður sem EFTA ríkin áttu að greiða í. Sjóðurinn var notaður til þess að veita lán og styrki til Suður-Evrópulanda sem og Írlands til þess að jafna lífskjör. (Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000) 60)

²⁵ Andrew Jordan og Duncan Liefferink, *The Europeanization of national environmental policy* (Routledge (Taylor & Francis group) 2004) 54

Eftir samkomulagið sendi framkvæmdastjórn EB uppkast að samningnum til Evrópudómstólsins þar sem dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði samkomulagsins um EES-dómstól bryti í bága við ákvæði stofnsáttmála EB. Var ákveðið að vinna út frá áliti dómstólsins og reyna aftur og var niðurstaðan sú að setja upp sérstakan EFTA-dómstól sem myndi leysa úr ágreiningsmálum sem beindust að EFTA-ríkjunum. Þessi samningur var síðan sendur áfram til Evrópudómstólsins sem komst að þeirri niðurstöðu að með þessum hætti bryti hann ekki bága við stofnsáttmálann.²⁶

Samkomulagið um EES samanstóð af fjórum samningum í heild sinni: 1) samningi um Evrópska efnahagssvæðið, 2) samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitstofnunar og dómstóls, 3) samningi um fastanefnd EFTA-ríkjanna og 4) samningi um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Allir fjórir samningarnir voru síðan undirritaðir árið 1992 í Óportó í Portúgal, sem nú nefnist Portó. Þar sem Ísland er eitt af EFTA-ríkjunum var EES-samningurinn fullgiltur fyrir Íslands hönd á Alþingi og í kjölfarið voru lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið að veruleika. Lögin voru svo notuð til þess að veita heimild til að staðfesta fyrrnefndu samningana fyrir Íslands hönd.²⁷

3.2 EES-samningurinn

Evrópska efnahagssvæðið, hér eftir nefnt EES, er samningur milli 27 aðildarríkja Evrópusambandsins og þriggja EFTA-ríkja, Íslands, Lichtenstein og Noregs. Saman mynda þessi ríki einn stóran innri markað og fara öll eftir sömu reglum. Þegar Evrópska efnahagssvæðið varð til þurfti að gæta þess að svona stór samvinnustofnun stuðlaði að jöfnum skilyrðum fyrir fyrirtæki á innri markaði, því var EES-samningurinn stofnaður en hann náði til reglna um samkeppni og ríkisaðstoð.²⁸

Fullyrða má að EES-samningurinn taki einungis til hluta af fyrstu undirstöðu Evrópusambandsins sem tengist og byggist á Efnahagsbandalagi Evrópu frá árinu 1957.²⁹ Gildissvið EES-samningsins nær því ekki yfir landbúnað og sjávarútveg og þá falla málefni

²⁶ Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000) 60

²⁷ Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000) 61

²⁸ P.S.R.F. Mathijsen, *A Guide to European Union Law* (8. útg., Sweet & Maxwell 2005) 19

²⁹ Í bók Davíð Þórs Björgvinssonar um EES-rétt og landsrétt setur hann fram að málefni EES-samningsins eigi frekar við um Bandalagsrétt EB vegna tengingar hans við Efnahagsbandalag Evrópu en ekki ESB, héðan í frá mun þessi kafli taka rétt utan um þetta tiltekna málefni og tekið tillit til orðavals hans. Því verður notast við EB í staðinn fyrir ESB þegar rætt er um EES-samninginn í kaflanum.

Schengen utan samningsins, en þau málefni voru bundin í samning sem Evrópusambandið gerði sérstaklega við Ísland og Noreg árið 1999. Einnig fellur myntbandalag Evrópu ekki undir EES-samninginn sem og tollamál, en EFTA-ríkin eru ekki hluti af sameiginlegri stefnu ESB í tollamálum.³⁰ Meginatriði samningsins ná utan um fjórfrelsið, samkeppni, ríkisaðstoð og hugverkaréttindi. Þar með verða aðilar samningsins, EFTA-ríkin, að þátttakendum að sameiginlegum innri markaði Evrópubandalagsins fyrir utan það sem nefnt var hér að ofan. Til þess að standast þetta markmið og vera aðili að samningum þurfa EFTA-ríkin að framselja fullveldisrétt sinn til ákveðinna stofnana sem eiga aðild að samningnum.

EES-samningurinn skiptist í meginmál, bókanir, viðauka, reglugerðir og tilskipanir ESB. Á undan meginmálinu koma inngangsyfirlýsingar í sextán liðum þar sem fram koma yfirlýsingar um markmið samningsins. Fræðimenn telja þennan hluta vera gríðarlega mikilvægan þegar kemur að skýringum fyrir samninginn. Eins og áður var nefnt voru gerðir tveir fylgisamningar í tengslum við EES-samninginn: Samningur milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitstofnunar og dómstóls og Samningur um fastanefndir EFTA-ríkjanna.³¹

³⁰ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 31

³¹ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 31 32

4 Þjóðaréttur og landsréttur

Öll ríki búa yfir sínu eigin réttarkerfi sem fjallar um ríkisvald, einstaklinga og lögaðila. Í nútíma heimi hafa samskipti milli einstaklinga og fyrirtækja aldrei verið meiri með tilkomu netverslana, aukinna ferðalaga um heiminn og innflutningi og útflutningi á vörum, svo nokkuð sé nefnt. Þegar upp koma álitamál milli ríkja kviknar oft sú spurning hvaða dómstóll eigi lögsögu og lög hvaða lands skuli nota og því þurfa ríki að taka afstöðu til þjóðaréttar í heild sinni. Þessi afstaða getur skipt sköpum vegna þess að stór hluti af framkvæmd þjóðréttarreglna fer eftir því hvernig ríki beita þeim í landsrétti, hvort stofnanir, stjórnvöld, lögaðilar og einstaklingar meðhöndli þjóðréttarreglur rétt. Sum stjórnskipunarlæg og alþjóðlegar skuldbindingar ríkja veita þjóðarétti mismunandi stöðu sem réttarheimild í landsrétti ríkisins. Sum ríki líta á þjóðarétt og landsrétt sem eitt réttarkerfi á meðan önnur líta á þjóðarétt og landsrétt sem aðgreind réttarkerfi. Þessar tvær leiðir kallast eineðli (*e. Monism*) og tvíeðli (*e. Dualism*).³²

Eineðli er skilgreint með þeim hætti að ríki líta á þjóðarétt og landsrétt sem eitt heildstætt réttarkerfi. Þar undirgangast ríkin alþjóðlegar skuldbindingar sjálfkrafa með þeim hætti að ríkin innleiða þjóðréttarlegar skuldbindingar til dæmis með því að lögleiða þær og í kjölfar skapast rými í stjórnskipan ríkjanna með þeim afleiðingum að þær hafa sama vægi og almenn lög innan viðkomandi ríkis. Það þarf því ekki að kalla til þjóðaratkvæðagreiðslu eða að þing ríkisins samþykki að skuldbindingarnar séu innleiddar í landsrétt heldur verða þær sjálfkrafa hluti af réttarheimildum þess ríkis. Tvíeðli gerir ráð fyrir hinu gagnstæða þar sem þjóðaréttur og landsréttur eru aðgreind réttarkerfi. Þegar ríki undirgengst alþjóðlegar skuldbindingar verða þær ekki sjálfkrafa hluti af landsrétti þar sem tvíeðli landsréttar og þjóðaréttar er við lýði heldur þarf að innleiða þær sérstaklega, svo sem með lagasetningu eða jafnvel þjóðaratkvæðagreiðslu. Ef þing viðkomandi ríkis hafnar skuldbindingunni öðlast hún ekki lagagildi.³³

Ekki er hægt að segja að fleiri ríki hallist meira að kenningunum um eineðli eða tvíeðli og þótt ríki hallist meira að annarri kenningunni fara þau ekki endilega eftir henni. Oft og tíðum er það svo að ríki fylgja tvíeðliskenningunni en þegar kemur að dómaframkvæmd komast dómstólar og framkvæmdavald að annarri niðurstöðu. Á Íslandi er dómstólum gefið svigrúm til

³² Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson, *Þjóðaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2011) 30

³³ Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson, *Þjóðaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2011) 31

Þess að taka afstöðu til þess hvort ákveðin þjóðréttarvenja, sem er ein af réttarheimildum þjóðaréttar, falli að landsrétti og hvort aðilar geti byggt rétt sinn á þeim þjóðréttarvenjum eins og almennt er í íslenskum landsrétti. Í löndum eins og Þýskalandi er í sumum tilvikum gert ráð fyrir því að þjóðréttarvenjur teljist réttþærri en almenn lög ríkisins. Í Bandaríkjunum þar sem almenn lög eins og stjórnarskráin eru talin æðri en almennar reglur þjóðaréttar er gildi þjóðréttarvenja andstæð.³⁴ Þó að ríki hallist að kenningunum um eineðli eða tvíeðli þá er almennt viðurkennd lögskýringaraðferð í íslenskum rétti að túlka skuli landsrétt til samræmis við þjóðréttalegar skuldbindingar ríkisins.³⁵ Þar sem það getur haft víðtæk áhrif ef ríki setur lög sem brjóta í bága við alþjóðlegar skuldbindingar þess er eðlilegt að dómstólar skýri landsrétt til samræmis við þjóðarétt og að löggjafarvald sjái til þess að landsréttarreglur séu til samræmis við þjóðarétt eins og frekast er unnt.³⁶

4.1 ESB-réttur og landsréttur

Þar sem ESB-réttur er sjálfstætt réttarkerfi³⁷ eru tengsl aðildarríkja við Evrópusambandið nokkuð frábrugðin hinum hefðbundnu tengslum þjóðaréttar og landsréttar. ESB-réttur gildir á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna. Því getur réttarkerfi aðildarríkis stangast á við réttarkerfi ESB. Þær réttarreglur sem geta stangast á við ESB eru til dæmis almenn lög og reglur sem styðjast við dómafordæmi eða dómvenjur. Þá kemur upp sú spurning hvort það séu einhverjar reglur sem komi í veg fyrir þetta hjá aðildarríkjum. Hér mætti nefna gildar reglur ESB-réttar sem leggja þá skyldu á herðar aðildarríkjanna að samræma lögini við ESB-rétt þar sem þau eru aðilar að stofnun sem leggur mikla áherslu á að samræmi sé milli ríkja. Í hinum almenna þjóðarétti geta borgarar ríkis sem ekki hefur aðlagað lög sín þjóðaréttarreglum, ekki byggt rétt sinn á þeim. Út frá fyrri staðhæfingu um að tengsl aðildarríkja við ESB séu frábrugðin venjulegum tengslum þjóðaréttar og landsréttar er hægt að draga þá ályktun að annað gildi í ESB-rétti. Þó koma upp álitamál hvort einstaklingar, geti í aðildarríki sem hefur ekki aðlagað lög sín að ESB-rétti, byggt rétt sinn á lögum ESB-réttar. Evrópudómstóllinn hefur af þeim sökum notað meginreglur líkt og

³⁴ Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson, *Þjóðaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2011) 31

³⁵ Rebecca M.M. Wallace og Olga Martin Ortega, *International Law* (8. útg. Sweet & Maxwell 2016) 39

³⁶ Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson, *Þjóðaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2011) 33

³⁷ „Tveggja stöðja kerfi EES-samningsins“ (Utanríkisráðuneytið) <<https://www.stjornarradid.is/media/utanrikisraduneyti-media/media/skyrslur/2kafli.pdf>> 1

reglurnar um bein réttaráhrif (*e. Direct effect*), bein lagaáhrif (*e. Direct applicability*) og forgangsáhrif (*e. Supremacy*). Um þetta verður fjallað í næstu köflum.

5 Meginreglur ESB-réttar

5.1 Bein réttaráhrif

Með beinum réttaráhrifum er átt við að einstaklingar geti byggt vörn sína á ákvæðum milliríkjasamninga eða geti notað hann til þess að ná fram rétti sínum gagnvart ríkinu eða hinu opinbera með sama hætti og þeir myndu geta beitt ákvæðum landsréttar. Það er fyrst og fremst texti ákvæðanna sem hefur mest áhrif á hvort um bein réttaráhrif sé að ræða og þarf hann að vera skýr og óskilyrtur. Þessi regla um bein réttaráhrif gildir því í ESB-rétti gagnvart aðildarríkjum Evrópusambandsins og hún varð til vegna tilkomu stofnana ESB og dómaframkvæmdar dómstólsins.³⁸

Meginreglan um bein réttaráhrif kom fyrst fram í stefnumarkandi dómi Evrópusambandsdómstólsins um bein réttaráhrif í máli nr. 26/62 Van Gend en Loos gegn Nederlandse Administratie der Belastingen, héðan í frá ritað Van Gend en Loos málið. Hollensk úrskurðarnefnd óskaði eftir forúrskurði frá dómstólnum þar sem til skoðunar var hvort innflutningstollar sem hollensk stjórnvöld settu á væru lögmætir. Spurningin sem beint var til dómstólsins snerist um hvort einstaklingur gæti byggt rétt sinn á 30. gr. SFE fyrir hollenskum dómstólum og ekki var tekið tillit til þess hvort hollensk stjórnvöld hefðu brotið fyrirnefnda lagagrein. Dómstóllinn svaraði spurningunni með því að vísa til markmiða sáttmálans og skilgreina að hlutverk dómstólsins væri, skv. 267. gr. SFE, að tryggja einfalda túlkun á sáttmálanum. Með því að gerast aðili að samningnum hefðu aðildarríkin takmarkað fullveldi sitt í þágu nýrrar réttarskipunar sem væri ekki einungis fyrir ríkin heldur einnig einstaklinga og lögaðila ríkjanna. Sáttmálanum væri ætlað að veita borgurum ríkjanna ákveðin réttindi sem tækju ekki tillit til löggjafa aðildarríkjanna. Dómstóllinn tók það einnig fram að 30. gr. fæli í sér skýrt og skilyrðislaust bann sem væri neikvæð athafnaskylda ríkjanna, að ekki væri verið að ræða um skyldu aðildarríkjanna til að grípa til athafna eins og lagasetningar heldur bæri þeim skylda til þess að gera ekki eitthvað. Það var svo talið að þetta eðli bannreglunnar væri ástæðan fyrir beinum réttaráhrifum milli borgaranna og aðildarríkjanna. Það skipti því engu máli að 30.

³⁸ Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000) 79

greininni væri beint til aðildarríkjanna en ekki borgaranna. Út frá þessum dómi myndaðist meginreglan um bein réttaráhrif og þá sérstaklega þegar reglurnar fela í sér skýrt og skilyrðislaust bann.³⁹ Eftir að dómurinn var kveðinn upp hefur umræðan um beinu réttaráhrifin þróast hratt og haft þær afleiðingar að þótt reglan sem um ræðir verði hluti af landsrétti, án sérstakra aðgerða frá aðildarríkinu, þurfi hún einnig að standast frekari skilyrði beinna réttaráhrifa á borð við þau að texti reglunnar þurfi að vera skýr og óskilyrtur.⁴⁰ Það verður því að teljast nokkuð skýrt að þrátt fyrir mikilvægi reglunnar innan ESB-réttar þurfi hún að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að hún eigi við.

5.2 Bein lagaáhrif

Með beinum lagaáhrifum er átt við að reglur sambandsréttar verði hluti að landslögum aðildarríkja án sérstakrar innleiðingar í landsrétt.⁴¹ Stefán Már Stefánsson prófessor við lagastofnun Háskóla Íslands útskýrir meginregluna um beinu lagaáhrifin mjög vel í skýrslu sinni til umboðsmanns Alþingis við undirbúning á máli með álit í máli nr. 2151/1997 um birtingu og miðlun upplýsinga um „gerðir“ samkvæmt EES-samningnum og réttarreglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Í skýrslunni segir hann frá því hvað felst í beinum lagaáhrifum. Það þurfi að varpa þeirri spurningu fram hvort aðildarríki þurfi að bregðast við með vissum aðgerðum til þess að ESB-réttur fái gildi sem lög í aðildarríkinu. Þá sé ekki nauðsynlegt fyrir aðildarríkið að grípa til sérstakra aðgerða heldur hafi reglur ESB-réttar tekið gildi þegar ESB hefur samþykkt regluna og birt hana. Því næst fylgir það beinu lagaáhrifunum að þau séu forsendan fyrir beinum réttaráhrifum og því mun víðtækara hugtak, því löggjöf ESB fær ekki beinu réttaráhrifin nema skilyrðunum um lagaáhrifin sé fullnægt.⁴²

Efnisleg merking reglunnar um beinu lagaáhrifin kemur fram í 2. mgr. 288. gr. SFE, en þar segir að reglugerðum eigi að vera beitt í öllum aðildarríkjum, þ.e. reglugerð skal hafa almennt gildi. Hún er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.“ Með þessari grein er því átt við að ekki þurfi að lögfesta eða innleiða reglugerðir

³⁹ Sigurður Línal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 68

⁴⁰ Sigurður Línal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 71

⁴¹ Evrópuvefur, „Bein lagaáhrif“ (*Evrópuvefurinn 2011*) < <https://www.evropuvefur.is/svar.php?id=61102> > skoðað 2. maí 2021.

⁴² Stefán Már Stefánsson EES-samningurinn og lögfesting hans. (1998) 33

sérstaklega. Það fari því eftir efni reglugerðarinnar hvort það sé hægt að byggja rétt á henni og hvort hún hafi bein réttaráhrif.⁴³

5.3 Forgangsráhrif

Ein mikilvægasta meginregla ESB-réttar um tengsl ESB-réttar og landsréttar er reglan um forgangsráhrif ESB-réttar. Hún felur í sér að ef ESB-réttur stangast á við landsrétt skuli ESB-réttur ganga frammar landsrétti. Með tilliti til þess er vert að minnast á að ESB-réttur hefur bein lagaáhrif og þar með bein réttaráhrif. ESB-reglurnar verða því að hafa bein réttaráhrif til þess að þær hafi gildi. Því er hægt að segja að reglan um forgangsráhrif sé framlenging á beinum réttaráhrifum, en til þess að ESB-regla myndi bein réttaráhrif þarf hún að vera æðri landsréttarreglum. Rétt eins og meginreglan um beinu réttaráhrifin myndaðist reglan um forgangsráhrif í gegnum ESB-dómstólinn, í máli nr. 6/64 Costa gegn Enel. Rökstuðningur dómstólsins í málinu var mjög svipaður og í Van Gend en Loos málinu, þar sem vísað var til þess að það væri mikilvægt að réttareining náist um þau efni sem stofnsáttmálarnir fjalli um.⁴⁴

ESB-réttur, eða sambandsréttur, lítur á meginregluna um forgangsráhrifin sem einfalda og undantekningarlausu skyldu. Hún sé það einföld að allar gildar reglur ESB-réttar, sama hvað þær heita eða hvaðan þær koma, séu alltaf æðri reglum aðildarríkjanna og gangi þeim frammar. Til dæmis er hægt að nefna reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar, sem sett hefur verið sem heimild í reglugerð Ráðherraráðsins, en frá sjónarhorni ESB-réttar telst hún æðri stjórnarskrám aðildarríkjanna.⁴⁵ Því er hægt að segja að á þeim svæðum sem tilheyra aðildarríkjum Evrópusambandsins gildi tvö réttarkerfi, annars vegar landsréttarkerfið og hins vegar ESB-réttarkerfið. Þegar réttarkerfin eru borin saman, gerir sambandsrétturinn ráð fyrir að landsréttarkerfinu beri skylda til að víkja fyrir sambandsréttinum. Þessa meginreglu má finna í kerfum sambandsríkja (*e. Federal states*) þar sem sambandsréttur (*e. Federal law*) gengur frammar rétti fylkja og með þeim hætti sést hvernig ESB-rétturinn víkur frá hinni almennu stöðu þjóðaréttar, þ.e. landsréttarkerfum ber að víkja fyrir ESB-réttarkerfinu. Þetta er einfalt

⁴³ Sigurður Línal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 70

⁴⁴ Sigurður Línal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 71

⁴⁵ Sigurður Línal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 71

þegar litið er á málið frá sjónarhorni ESB-réttarins en ekki jafn einfalt ef þetta er skoðað frá sjónarhorni aðildarríkjanna.⁴⁶

Evrópusambandið byggir á því að ESB-réttur hafi í raun forgang að landsrétti en með stofnana- og regluverki ESB er gert ráð fyrir því að fyrir því að forgangsáhrifin hafi tilætluð eða virk áhrif þannig að þau virki í raun og veru. ESB-dómstóllinn hefur lokaorðið um túlkun ákvæða, reglna og fleiri þátta í ESB-rétti. Samkvæmt þessu verklagi ber dómstólum aðildarríkjanna, sem eru á æðsta dómstigi innan þess ríkis, að skjóta málum til ESB-dómstólsins til bindandi forúrskurðar, skv. 267. gr. SFE. Þetta verklag þykir nægjanlegt til þess að tryggja að ESB-dómstóllinn eigi síðasta orðið en ekki dómstólar aðildarríkjanna.⁴⁷ Allar þessar reglur eiga rætur sínar að rekja til stofnunar ESB, þar sem markmið og hlutverk sambandsins var að mynda eina stóra heild sem byggi á yfirþjóðlegum einkennum. Þessar reglur tryggi því að ESB haldi í við yfirþjóðlegt einkenni sitt.

⁴⁶ Sigurður Línal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 71

⁴⁷ Sigurður Línal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011) 72

6 Gildi meginreglna ESB-réttar í EES-rétti

6.1 Bein réttaráhrif í EES rétti

Nokkuð hefur verið fjallað um meginreglu ESB-réttar um bein réttaráhrif. Reglan um bein réttaráhrif felur í sér að einstaklingar geti byggt vörn sína á ákvæðum milliríkjasamninga til þess að ná fram rétti sínum gagnvart ríkinu. Með stofnun EES-samningsins áttu sér stað umræður hvort meginregla ESB-réttar um bein réttaráhrif væri jafn rétthá í EES-rétti og hún er í ESB-rétti.

Dómur í máli EFTA-dómstólsins nr. 9/97, Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn íslenska ríkinu, er talinn vera stefnumarkandi um bein réttaráhrif í EES-rétti. Málið fjallaði um Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur sem starfaði lengi á vélaverkstæði sem var lýst gjaldþrota árið 1995. Við gjaldþrot fyrirtækisins átti Erla María eftir að fá greidd laun sem hún krafðist að yrðu greidd úr þrotabúinu. Ábyrgðarsjóður launa neitaði að greiða henni kröfuna þar sem hann taldi hana ekki vera viðurkennda sem forgangskröfu í þrotabúið sökum þess að bróðir Erlu Maríu var eigandi 40% hlutafjár í fyrirtækinu. Þessi ákvörðun ábyrgðarsjóðsins var byggð á lögum nr. 53/1993 um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota. Hins vegar verndaði tilskipun 80/987/EBE, sem vísað er til í 24. gr. viðauka nr. XVIII í EES-samningnum, launakröfur starfsmanna við gjaldþrot vinnuveitanda og veitti systkinunum vernd sem íslenska ríkið hefði átt að innleiða samkvæmt EES-samningnum. Erla María höfðaði því skaðabótamál gegn íslenska ríkinu og byggði mál sitt á því að íslenska ríkið bæri skaðabótaábyrgð þar sem það hafði ekki innleitt tilskipunina. Héraðsdómur Reykjavíkur tók málið fyrir og ákvað að leita eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins og beindi til dómstólsins tveimur spurningum. Sú fyrri laut að því hvort íslenska löggjöfin samræmdist ákvæðum tilskipunarinnar, þ.e. að ekki megi koma í veg fyrir að launþeginn fái laun sín greidd. Ef þessari spurningu yrði svarað játandi óskaði Héraðsdómur Reykjavíkur eftir svari við þeirri spurningu hvort ríkið væri skaðabótaskyldt gagnvart einstaklingum sökum þess að það hafði ekki innleitt tilskipunina samkvæmt EES-rétti á fullnægjandi hátt. Dómstóllinn svaraði fyrri spurningunni játandi og taldi að samkvæmt tilskipuninni væri ekki heimilt að hafna kröfu Erlu Maríu í ábyrgðarsjóðinn og því þurfti EFTA-dómstóllinn að svara seinni spurningunni. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að markmiðið um einsleitni og það markmið að tryggja rétt einstaklinga og aðila í atvinnurekstri á jafnræðisgrundvelli væri svo skýrt í samningnum að samningsaðilum væri skyldt að bæta tjón

sem hlytist af því að landsréttur væri ekki í samræmi við EES-samninginn. Það væri meginregla EES-samningsins að ef brotið væri á einstaklingi sökum vanefnda aðildarríkjanna á EES-samningnum, væri ríkið skaðabótaskyld.⁴⁸ Þá hélt EFTA-dómstóllinn áfram og í 63. málsgrein dómsins kom fram að samkvæmt 7. gr. EES-samningsins og bókun 35 að EES-samningurinn fæli ekki í sér framsal löggjafarvalds, að meginreglan um skaðabótaábyrgð ríkisins væri hluti EES-samningsins og þess vegna væri eðlilegt að lög sem lögfesta meginmál samningsins væru skýrð á þann hátt að meginreglan um skaðabótaábyrgð ríkisins felist einnig í þeim. Þessi niðurstaða dómstólsins gefur til kynna að bein réttaráhrif eru til staðar þegar rökrætt er um lögfestar reglur. Í dómsmáli Erlu Maríu gat hún beitt fyrir sig ólögfestri meginreglu EES-samningsins um skaðabótaábyrgð ríkisins vegna þess að sú regla var samkvæmt 63. mgr. dómsins hluti af meginmáli EES-samningsins sem var lögfest. EES-samningurinn hefur því bein réttaráhrif á löggjöf aðildarríkja samningsins ef hann hefur verið innleiddur og gegnir stöðu almennra laga í landsrétti.

Þegar kemur að beinum lagaáhrifum lögfesta gerða er hvergi hægt að finna eitthvað um þau í EES-samningnum. Í álitafnum tengdum lagaáhrifum gildir því aðalreglan í bókun 35 þar sem segir að aðildarríkin hafi ekki framselt löggjafarvald sitt í hendur stofnana EES. Þá fjallar 7. gr. meginmáls EES-samningsins um það hvernig gerðir verða teknar upp í landsrétt, en um það verður fjallað betur síðar í ritgerðinni.⁴⁹

Meginreglur ESB-réttar tengdar ólögfestum eða ranglega lögfestum EES-reglum

Í dómi Evrópudómstóls í máli nr. 115/94, Opel Austria gegn ráðherraráðinu, kemur fram að ef ákvæði EES-samningsins fullnægi skilyrðum um að vera óskilyrt og nægilega nákvæm hafi þau ákvæði bein réttaráhrif. Í dómnum komst dómstóll Evrópubandalagsins að þeirri niðurstöðu að 10. gr. EES-samningsins hefði bein réttaráhrif, með þeim hætti að einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri í aðildarríkjum EB gætu byggt rétt sinn á ákvæðinu fyrir dómstólum aðildarríkjanna. Niðurstaða dómstólsins byggir á meginreglunni að þeir samningar sem Evrópubandalagið gerir við „þriðju ríki“ hafi bein réttaráhrif að því gefnu að ákvæði

⁴⁸ Per Tresselt og Katinka Mahieu „Um hugtakið skaðabótaábyrgð ríkis í Evrópurétti“ (2004) 3. tölublað Tímarit lögfræðinga <<https://timarit.is/gegnir/000844307>> 353,364

⁴⁹ Stefán Már Stefánsson EES-samningurinn og lögfesting hans. (1998) 34

samninganna séu nægilega skýr og nákvæm.⁵⁰ Því er hægt að túlka dómsorðin svo að ákvæði samnings sem hefur verið innleitt í löggjöf aðildarríkis hafi bein réttaráhrif. Hins vegar má velta vöngum yfir ákvæðum í EES-samningnum sem ekki hafa réttilega verið innleidd í löggjöf aðildarríkja, sérstaklega EFTA-ríkjanna. Í þeim tilvikum er spurning hvort ríkin geti byggt á meginreglum ESB-réttar og haft bein réttaráhrif sem og forgangsáhrif. Um þetta hefur verið fjallað í tveimur dómum EFTA-dómstólsins. Í máli nr. 9/97, Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn íslenska ríkinu, og í máli nr. 4/01, Karl K. Karlsson gegn íslenska ríkinu.

Í máli Erlu Maríu⁵¹ kemur fram að EES-samningurinn feli ekki í sér framsal löggjafarvalds. Auk þess er greint frá því að meginreglan um skaðabótaskyldu ríkisins sé fyrst og fremst hluti EES-samningsins og því eðlilegt að lög sem lögfesta meginmál samningsins séu skýr svo skaðabótaskylda ríkisins felist í ákvæðinu sem um ræðir eins og áður hefur verið nefnt. Í máli Karls K. Karlssonar kom fram í dómsorðum að í 7. gr. EES-samningsins og bókun 35, að EES-réttur feli ekki í sér framsal löggjafarvalds og að einstaklingar og aðilar í atvinnurekstri geti ekki leitar réttar síns fyrir dómstólum aðildarríkis á grundvelli ákvæða EES-réttar sem ekki hafa verið innleidd í landsrétt.⁵² Það sé afleiðing þeirra almennu markmiða EES-samningsins að koma á fót öflugum og einsleitum markaði þar sem áhersla er lögð á möguleika einstaklinga til þess að leita réttar síns fyrir dómstólum og til að fá fullnægt réttindum sínum samkvæmt samningnum. Út frá túlkun EFTA-dómstólsins á EES-samningnum, þ.e. að hann feli ekki í sér framsal löggjafarvalds, hafa fræðimenn á borði við Óttar Pálsson og Davíð Þór Björgvinsson túlkað það svo að meginreglurnar um bein réttaráhrif og forgangsáhrif séu ekki hluti samningsins.⁵³

Dómurinn setur því fram einbeittan vilja til þess að túlka EES-samninginn á þann hátt að meginreglan um bein réttaráhrif ólögfesta eða ranglega lögfesta gerða sé ekki hluti af þeim skuldbindingum sem EFTA-ríkin tóku á sig með EES-samningnum. Þrátt fyrir þessar niðurstöður, bæði í máli Erlu Maríu og Karls K. Karlssonar, hvort ólögfestar eða ranglega lögfestar reglur EES-samningsins hafi bein réttaráhrif í aðildarríkjum EFTA-ríkjanna, hefur EFTA-dómstóllinn ekki tekið neina sérstaka afstöðu til þess.⁵⁴ Vert er að minnast á dóm EFTA-dómstólsins nr. 1/01 í máli Harðar Einarssonar gegn íslenska ríkinu, en þar kom fram í 52. mgr. dómsins að textinn í inngangi bókunar 35 fæli ekki í sér framsal löggjafarvalds, því fylgir dómstóllinn fordæmum

⁵⁰ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 158

⁵¹ EFTA-dómstóll, Mál nr. 9/97, Erla María Sveinbjörnsdóttir gegn íslenska ríkinu. 63. mgr.

⁵² EFTA-dómstóll, Mál nr. 4/01, Karl K. Karlsson gegn íslenska ríkinu. 28. mgr.

⁵³ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 159

⁵⁴ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 161

sínum með túlkun sinni á álitaefninu. Hefur dómstóllinn fremur lagt áherslu á að meginreglan um skaðabótaskyldu, sem kom fram í máli Erlu Maríu, sé sérstök EES-regla sem taki á réttindum einstaklinga og aðila í atvinnurekstri og í henni felist bein réttaráhrif í EFTA-ríkjunum. Þrátt fyrir ofangreinda dóma hefur dómstóllinn ekki tekið neina afdráttarlausu afstöðu til álitaefnisins sem um ræðir.⁵⁵

Þó svo að munur sé á stofnsamningum EES og ESB er margt líkt með þeim en báðir samningarnir fela í sér að samningsríkin taka yfir fjórfrelsisreglur ESB og reglur um samkeppni og ríkisaðstoð. Á hinn bóginn er grundvallarmunurinn sá að EES-samningurinn felur ekki í sér yfirþjóðlegt fyrirkomulag þar sem yfirþjóðlegum stofnunum er fengið vald til að setja lög sem öðlast gildi í aðildarríkjum samningsins, öfugt við stofnsamning ESB. Reglur EES-samningsins verða því að vera lögfestar í aðildarríkjunum til þess að öðlast lagagildi í þeim líkt og kemur fram í 7. gr. EES-samningsins, en 288. gr. ESB-samningsins⁵⁶ hefur verið túlkuð á þann veg að ekki sé gert ráð fyrir sérstakri lögfestingu.⁵⁷ Með þessu er hægt að komast hjá því að ákvæðum ESB-samningsins séu leidd til framkvæmda í aðildarríkjum ESB með röngum hætti svo samræmi sé milli allra aðildarríkjanna.⁵⁸

Þegar munurinn á lögsögu EFTA-dómstólsins og ESB-dómstólsins er skoðaður kemur fram í 34. gr. ESE⁵⁹ að EFTA-dómstóllinn hefur ekki formlegt vald til þess að kveða upp bindandi forúrskurði. Þó eru skiptar skoðanir milli fræðimanna og dómara EFTA-dómstólsins á túlkun 34. gr. ESE. Til að mynda segja fræðimennirnir Davíð Þór Björgvinsson og Stefán Már Stefánsson⁶⁰ að notkun orðsins „ráðgefandi“ útiloki að forúrskurðir EFTA-dómstólsins teljist bindandi. Fyrrum forseti EFTA-dómstólsins, Carl Baudenbacher, er ósammála en hann sagði í bók sinni *Legal Framework and Case law* að hann telji úrskurði EFTA-dómstólsins vera bindandi.⁶¹ Þá sé staðan ekki sú sama hjá ESB-dómstólnum heldur séu forúrskurðir dómstólsins bindandi fyrir dómstóla aðildarríkja.⁶² Ástæðan fyrir þessum mun er sú að þegar upp koma álitaeftni um lögsögu EFTA-dómstólsins hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ef forúrskurðir dómstólsins væru bindandi myndi það hafa veruleg áhrif á dómsvald aðildarríkjanna og vera í

⁵⁵ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 160

⁵⁶ Sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins

⁵⁷ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 161

⁵⁸ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 161

⁵⁹ Samningur milli EFTA-ríkjanna um stofnum eftirlits- stofnunar og dómstóls.

⁶⁰ Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2006) 1033

⁶¹ Carl Baudenbacher, *Legal Framework and Case law* (EFTA-dómstóllinn 2008) 10

⁶² Margrét Einarsdóttir „Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins – raunveruleg áhrif í íslenskum rétti“ (2012) Tímarit lögfræðinga, 2. tbl. 136

ósamræmi við stjórnarskrár sumra EFTA-ríkja. Þetta leiðir til þess að hlutverk einstaklinga og aðila í atvinnurekstri er ekki skilgreint með sama hætti í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið og Evrópusambandsins. Fleiri atriði er hægt er að nefna sem sýna fram á muninn milli samninganna tveggja og hver áhrif þeirra á aðildarríkin eru, en þrátt fyrir muninn er engu að síður margt líkt með samningunum. Vert er að minnast á að í EES-samningnum vantar þá yfirþjóðlegu þætti sem eru í ESB-samningnum, en meginreglurnar um bein réttaráhrif og forgangsáhrif sækja fyrst og fremst þrótt sinn til yfirþjóðlegu þátta sambandsins.⁶³ Það telst því ólíklegt að meginreglur ESB-réttar um bein réttaráhrif og forgangsáhrif gildi að ólögfestum eða ranglega lögfestum reglum EES-samningsins í landsrétti.

Meginreglan um forgangsáhrif þjónaði lykilhlutverki í ESB-rétti við að nálgast yfirþjóðlegt einkenni sambandsins. Í EES-rétti gegna forgangsáhrifin ekki jafn stóru hlutverki en það er þó gert ráð fyrir þeim í bókun 35 sem verður skoðuð nánar í næsta kafla. Töluverður munur er á forgangsáhrifum í EES-rétti og ESB-rétti og liggur munurinn einkum í því að ekki er gert ráð fyrir að samningsaðilar framselji löggjafarvald sitt til stofnana EES. Þetta er að auki staðfest í 102. – 103. gr. EES-samningsins þar sem segir að þrátt fyrir að EES-nefndin hafi samþykkt nýjar gerðir verði hún að uppfylla stjórnarskrárleg skilyrði aðildarríkja til þess að öðlast lagalegt gildi. Eftir að þessi meðferð hefur verið samþykkt þarf að lögfesta gerðina með þeim hætti sem kveðið er á um í 7. gr. EES-samningsins sem þýðir að sérstök lagasetning er nauðsynleg. Þetta á hins vegar ekki við ef löggjafi aðildarríkisins hefur áður framselt löggjafarvald til framkvæmdavaldsins sem gegnir því hlutverki að setja innlendar reglugerðir. Bókun 35 tekur hins vegar enga afstöðu til þessa tiltekna álitafnis sem fjallar um það hvernig skuli fara að ef innlend reglugerð með efni úr EES-samningnum brjóti í bága við eldri innlenda reglugerð.⁶⁴

Í álit EB-dómstólsins nr. 1/91⁶⁵ kom fram að EES-samningurinn er hefðbundinn þjóðréttarsamningur byggður á meginreglunni um *bona fide*⁶⁶ samband samningsaðilanna. Í 20. mgr. álitsins kemur fram að Evrópska efnahagssvæðið hafi verið stofnað á þeim grundvelli að skapa réttindi og skyldur milli samningsaðilanna og að samningurinn kveði ekki á um framsal fullveldis til stofnana EES. Í meginmáli samningsins eru því ekki líkindi við frumrétt ESB sem líkist öllu heldur stjórnskipulagi ríkis.

⁶³ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 162

⁶⁴ Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000) 177

⁶⁵ Álit sem var sent var til EB-dómstólsins skv. 1. mgr. 228. gr. sáttmálans tengt drögum að samningi milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna varðandi stofnun Evrópska efnahagssvæðisins.

⁶⁶ *Bona fide* merkir „í góðri trú“ og er eins og áður segir meginregla í tengslum við þjóðréttarsamninga.

Samkvæmt EES-samningnum var aðildarríkjum EFTA skylt að fullnægja ákvæðum bókunar 35 sem tengjast forgangsáhrifum, en til þess að fullnægja þeim þurfti bókunin að vera í samræmi við stjórnskipulegar heimildir, annars hefðu forgangsáhrifin þróast út í framsal á löggjafarvaldi.⁶⁷ Niðurstaðan var því sú að sum EFTA-ríki fóru ólíkar leiðir við að framfylgja ákvæðum bókunarinnar svo hún myndi samræmast bandalagsréttinum. Á Ísland voru ákvæðum bókunarinnar framfylgt með 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið í samræmi við íslensku stjórnarskrána. Verði misbrestur á því að EES-réttur hafi forgang gagnvart landsrétti getur íslenska ríkið þurft að bera ábyrgð vegna samningsbrota í samræmi við almennar reglur þjóðaréttar.⁶⁸

6.2 Bókun 35

Áður hefur komið fram að EES-samningurinn byggist á hinum almennu reglum um þjóðréttarsamninga og að í íslenskum rétti sé tvíeðliskenningin við lýði sem þýðir að þjóðréttarlegar skuldbindingar öðlast ekki lagalegt gildi nema þær hafi verið teknar upp í landsrétti.

Þegar EES-samningurinn var í bígerð var lögð rík áhersla á að tryggja EES-reglunum einkskonar forgangsáhrif fram yfir landsrétt EFTA-ríkjanna með svipuðum hætti og var við lýði í Evrópubandalagsrétti. Við upphaf samningaviðræðanna var það bein krafa Evrópubandalagsins (EB) að EFTA-ríkin skyldu samþykkja forgang EES-reglna. Á grundvelli þess að réttarstaða einstaklinga og aðila í atvinnurekstri yrði ekki tryggð í EFTA-ríkjunum eins og hún er tryggð í EB-ríkjunum. Hins vegar mótmæltu EFTA-ríkin þessu og voru ekki tilbúin að framselja löggjafarvald sitt til EES. Því var niðurstaðan sú að forgangsregla EB-réttar yrði ekki hluti af EES-samningnum. Það þótti greinilegt að það þyrfti að samrýma réttarkerfin til þess að borgarar ríkjanna gætu byggt rétt sinn á EES-reglum. Þess vegna var ákveðið að til þess að EES-reglurnar myndu ná sambærilegum lagaáhrifum í landsrétti EFTA-ríkjanna, án þess að til framsals löggjafarvalds kæmi, þyrfti að skylda EFTA-ríkin til þess að tryggja að EES-reglurnar giltu þegar þær myndu rekast á við önnur ákvæði landsréttar þess ríkis. Var það gert með sérstakri bókun í EES-samningnum, bókun 35.⁶⁹ Þar kemur fram að með EES-samningnum sé stefnt að einsleitu evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum án þess að samningsaðilar þurfi

⁶⁷ Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000) 178

⁶⁸ Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000) 178

⁶⁹ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 101

að framselja löggjafarvald sitt til stofnana EES. Í bókuninni kemur jafnframt fram að ef komi til árekstra milli EES-reglna og annara settra laga, skuldbindi EFTA-ríkin sig að setja í landsrétt lagaákvæði sem gefi EES-reglunum gildi í þeim tilvikum.

Með bókuninni átti að tryggja að markmiðinu að einsleitni væri náð án þess að EFTA-ríkin þyrftu að framselja ríkisvald til stofnana EES. Við gerð bókunarinnar voru þau EFTA-ríki aðallega höfð í huga sem byggja á tvíeðliskeningunni um þjóðarétt og landsrétt. Þetta voru Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð, en Austurríki og Lichtenstein byggðu á eineðliskeningunni. Nú gildir þessi bókun aðallega um Ísland og Noreg en fyrrnefndu ríkin, fyrir utan Lichtenstein, gengu svo síðar í Evrópusambandið. Bókunin skyldar EFTA-ríkin til þess að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi ef reglur landsréttar og EES-réttar rekast á.⁷⁰

Þessi skuldbinding tekur til þess hvernig fara skuli með mál ef upp kemur sú staða að reglur landsréttar rekast á, þ.e.a.s. ef önnur reglan er EES-regla sem komin er til framkvæmda. Mörg ríki höfðu samþykkt hefðbundnar reglur í landsrétti sem myndu leysa úr þeim málum ef upp kæmi árekstur. Þar sem þær reglur dygðu ekki til þess að greiða úr árekstrinum þyrfti að líta til bókunar 35. Því er hægt að gefa sér það að í orðalagi bókunarinnar felist að EFTA-ríkin skuli tryggja að þær EES-reglur sem komnar eru til framkvæmda hafi forgang. Bókunin er þó ekki orðuð svo með beinum hætti heldur á þá leið að EFTA-ríkin skuldbindi sig „ef þörf krefur“ til að setja lög sem tryggi að EES-reglur gildi ef um árekstur er að ræða. Til þess að tryggja forgang reglnanna sem komnar eru til framkvæmda geta aðildarríkin sett almenna lagareglu sem tekur til allra EES-reglna sem komnar eru til framkvæmda. Markmiðið er að EES-reglur hafi forgang við beitingu þeirra í landsrétti án þess að EFTA-ríkin framselji löggjafarvald sitt. Með þessu regluverki er því ábyrgðin lögð á herðar ríkjanna til þess að meta hvort almenn sjónarmið þjóðaréttar og landsréttar nægi til þess að tryggja forgangsáhrif.⁷¹

Túlkun EFTA-dómstólsins á bókun 35

Mikið hefur reynt á túlkun bókunar 35 í dómum EFTA-dómstólsins í ráðgefandi álitum hans. Sá dómur sem haft hefur hvað mesta þýðingu varðandi túlkun á ákvæðum bókunar 35 er dómur EFTA-dómstólsins nr. 1/94 í máli Restamark.⁷² Sá dómur var einn af þeim fyrstu sem féll eftir

⁷⁰ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 102

⁷¹ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 103

⁷² Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 104

að EES-samningurinn öðlaðist gildi 1. janúar 1994. Í tengslum við hann reyndi á mörg lögfræðileg álitafni við túlkun á reglum samningsins og því er hann afar þýðingarmikill.

Málsatvik voru þau að finnskum einkaaðila, Restamark, var bannað að flytja inn til Finnlands rauðvín frá Ítalíu og viskí frá Þýskalandi án þess að hafa sérstakt leyfi eða samþykki frá finnsku ríkiseinkasölnunni Alko. Restamark skaut úrskurði tollayfirvalda í Helsinki til áfrýjunarnefndar tollayfirvalda. Á grundvelli 34. gr ESE-samningsins⁷³ óskaði áfrýjunarnefndin eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins vegna túlkunar á ákvæðum 11. og 16. gr. EES-samningsins. Spurningar áfrýjunarnefndarinnar sem hún lagði fyrir dómstólinn voru þrjár. Sú fyrsta snerist um það hvort áfrýjunarnefnd tollayfirvalda myndi staðfesta þá ákvörðun tollstjórnar að heimila ekki frjálsa dreifingu innflutts áfengis nema aðilinn fengi lögmeitt leyfi. Hvort mögulegt væri þegar litið er á hið lögbundna einkaleyfi Oy Alko AB til innflutnings á áfengi og þeirra heimilda sem fyrirtækið hefur lýst sig reiðubúið að beita, til þess að leyfa innflutning áfengis í söluskyni frá öðrum samningsríkjum. Áfrýjunarnefndin vildi vita hort sú ákvörðun fæli í sér magntakmörkun eða takmarkanir sem hefðu sömu áhrif, andstætt því sem fram kemur í 11. gr. EES-samningsins. Önnur og þriðja spurning áfrýjunarnefndarinnar snerust um hvort lögbundið einkaleyfi, sem vísað var til í fyrstu spurningu væri andstætt 16. gr. EES-samningsins og ef svo væri hvort ákvæðið væri nægilega skýrt og óskilyrt til þess að hafa bein réttaráhrif og hvort líta bæri svo á að einkaleyfi til innflutnings hefði verið afnumið frá 1. janúar 1994. Seinni spurningin, sem laut að túlkun á 16. gr., skipti meira máli en spurningin um 11. gr. þar sem í henni fólst hvort það hefði átt að veita 16. gr. forgang gagnvart öðrum ákvæðum í finnskum landsrétti sem færu gegn reglunni. Dómstóllinn taldi það ekki vera skyldu að afnema ríkiseinkasölur skv. 16. gr. EES. Hins vegar væri með bindandi hætti hægt að tala um breytingar á ríkiseinkasölum eins og hér um ræddi svo unnt væri að tryggja að enginn greinarmunur væri gerður milli ríkisborgara aðildarríkja Evrópubandalagsins og EFTA um markaðsetningu á vörum.

Í dómnum sagði enn fremur að lögbundnum einkarétti ríkisins á innflutningi á vörum á innanlandsmarkaði gæti fylgt ákveðið vald til þess að stjórna framboði, verðlagningu og markaðsetningu á tiltekinni vöru. Þetta gæti valdið ákveðinni mismunun gagnvart útflytjendum og neytendum staðsettum í öðrum samningsríkjum og færi því gegn 16. gr. EES-samningsins. Vert er að nefna að landsréttur í Finnlandi gerði ráð fyrir að heimilt væri í einstökum tilfellum að veita öðrum aðilum leyfi til innflutnings í nafni ríkiseinkasölnunar með því að fá leyfi eða

⁷³ Samningur milli EFTA-ríkjana um stofnum eftirlits- stofnunar og dómstóls.

samþykki frá þeim. Dómurinn taldi að það ætti þó ekki við í þessu tiltekna máli og myndi ekki hafa áhrif á niðurstöðu dómsins. Í beiðni áfrýjunarnefndarinnar var einnig beðið um ráðgefandi álit um hvort 16. gr. væri nægilega skýr og óskilyrt til þess að hafa bein réttaráhrif, en í finnsku lögnum kemur fram að ef ákvæði landsréttar eru andstæð skýrum og óskilyrtum EES-reglum verði þeim ekki beitt.

Í dómnum var svo rakið að 16. gr. EES-samningsins væri efnislega samhljóða 31. gr. EB-samningsins sem á þeim tíma hafði verið talið nægilega skýrt og óskilyrt ákvæði eftir að aðlögunartímanum í þeim samningi lauk. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinum aðlögunartíma í EES-samningnum. Samkvæmt markmiði EES-samningsins, sem er að tryggja einsleitni og sameiginlega réttarstöðu einstaklinga á öllu efnahagssvæðinu, var talið að 16. gr. uppfyllti skilyrðin um að vera nægilega skýr og óskilyrt. Þetta álitaefni dregur fram nákvæmlega það sem bókun 35 stendur fyrir og vísaði dómurinn til hennar í niðurstöðu sinni. Dómstóllinn skýrði bókun 35 svo að ríkjum væri skylt að veita EES-reglum, sem væru nægilega skýrar og óskilyrtar, forgang og niðurstaðan var sú að 16. gr. uppfyllti þau skilyrði og að finnska ríkið væri þess vegna skuldbundið samkvæmt bókun 35 að tryggja forgangsáhrif ákvæðisins gagnvart ákvæðum landsréttar sem gætu verið andstæð henni.⁷⁴

Í máli Harðar Einarssonar nr. 1/01 við EFTA-dómstólinn reyndi einnig á túlkun ákvæða bókunar 35. Málsatvik voru þau að Héraðsdómur Reykjavíkur óskaði eftir ráðgefandi áliti EFTA dómstólsins vegna túlkunar á 4., 10. og 14. gr. EES-samningsins svo héraðsdómur gæti metið hvernig tilhögun mismunandi virðisaukaskattsálagningar á bókum samkvæmt íslenskum lögum samræmdist þeim ákvæðum. Stefnandi málsins fyrir héraðsdómi hafði nokkrum sinnum keypt frá útlöndum bækur á erlendra tungu til einkanota og í samræmi við 14. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt var lagður á bækurnar 24,5% virðisaukaskattur. Stefnandi mótmælti því að íslensk tollayfirvöld skyldu setja hærri virðisaukaskatt á bækur sem væru á erlendra tungu en þær bækur sem voru á íslensku. Stefnandi ákvað að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á grundvelli þess að íslensku reglurnar um virðisaukaskatt á erlendar bækur brytu í bága við ákvæði EES-samningsins. Héraðsdómur óskaði þá eftir ráðgefandi áliti frá EFTA-dómstólnum um reglur íslenskra laga um virðisaukaskatt á bókum og hvort 14. gr. í lögum nr. 50/1988 væri samrýmanleg EES-samningnum, þá sérstaklega 4., 10. og 14. gr. samningsins. Dómstóllinn taldi að bækur á íslensku og bækur á erlendra tungu væru að hluta til í samkeppni og að mismunandi

⁷⁴ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 107

virðisaukaskattsþrep fæli í sér óbeina vernd innlendra framléiðslu í skilningi 14. gr. EES.⁷⁵ Íslenska ríkið kom fram með þá röksemdafærslu að þessar reglur væru réttlátar með vísan til þeirra almennu hagsmuna að þær eflu og vernduðu íslenska tungu og skildi dómstóllinn það sjónarmið að mikilvægt væri að vernda þjóðtunguna sem hefði mikla menningarlega þýðingu. Dómstóllinn hélt svo áfram með því að segja að EES-samningurinn hefði þó ekki að geyma ákvæði sem hægt væri að beita til þess að réttlæta frávik frá 14. gr. samningsins. Héraðsdómur beindi þeirri spurningu til EFTA-dómstólsins hvort reglurnar um virðisaukaskatt af bókum væru ósamrýmanlegar EES-samningnum, hvort samningurinn eða aðrar reglur tengdar honum innihéldu ákvæði sem segðu hvaða reglum skyldi beita þegar ósamræmi myndast milli reglna landsréttar og EES-samningsins. EFTA-dómstóllinn svaraði þeirri spurningu í löngum kafla í 47.-55. mgr. sem verður reifaður hér.

Dómstóllinn byrjaði á því að nefna að það væri ekki hans hlutverk að skýra landslög, sbr. 34. gr. ESE.⁷⁶ Dómstóllinn minntist á sitt fyrsta álit í máli Erlu Maríu Sveinbjörnsdóttur nr. 9/97, þá sérstaklega 58. og 59. mgr. um réttindi einstaklinga og atvinnufyrirtækja sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir. Taldi dómstóllinn að þau sjónarmið sem hefðu ríkt í því máli ættu einnig við um álitaefni þessa máls. Þá tók dómstóllinn einnig fram að meginmál EES-samningsins, þar á meðal 14. gr., hefði verið tekið upp í landsrétt með lögum nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið eigi ákvæðin að skýra lög og reglur, að svo miklu leyti sem við á, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja. Þegar þáverandi ríkistjórn lagði fram frumvarp til laga vegna EES sem varð að lögum nr. 2/1993, kom fram að ákvæði þetta hefði að geyma sérstaka lögskýringarreglu og væri hún takmörkuð af ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar. Eftir að dómstóllinn komst að þessari niðurstöðu fór hann að líta til bókunar 35. Kvað dómstóllinn svo í 51. mgr. dómsins, að bókun 35 við EES-samninginn væri til leiðsagnar um það hvernig ætti að leysa úr ósamræmi milli reglna EES-réttar og landsréttar. Með því að samþykkja bókunina hefðu EFTA-ríkin skuldbundið sig til að setja lagaákvæði þess efnis að EES-reglur giltu, ef til árekstra kæmi milli EES-reglna sem settar hefðu verið í landslög og annara reglna landsréttar. Dómstóllinn leit því svo á að 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið hefði verið sett til þess að uppfylla þá skuldbindingu.

⁷⁵ Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006) 109

⁷⁶ Samningur milli EFTA-ríkjana um stofnum eftirlits- stofnunar og dómstóls.

Þessi niðurstaða EFTA-dómstólsins felur í sér nokkuð skýr svör við þeim spurningum sem Héraðsdómur Reykjavíkur beindi til hans. Þegar ákvæði landslaga samrýmast ekki 14. gr. EES-samningsins hefur EES-regla, sem þegar hefur verið leidd í landslög, forgang vegna bókunar 35.

7 Niðurstöður

Í þessari ritgerð hefur verið fjallað um sögu Evrópusambandsins, hvernig sambandið varð að þeirri stofnun sem það er nú og einnig hefur verið fjallað um ákveðnar meginreglur sem hafa móttast í gegnum tíðina tengdar ESB-rétti. Gerð var grein fyrir meginreglum ESB-réttar, beinum réttaráhrif, beinum lagaáhrifum og forgangsáhrifum og hver þýðing þeirra að EES-rétti er. Meginreglur ESB-réttar hófu að móttast í byrjun sjöunda áratugarins út frá tveimur stefnumarkandi dómum ESB-dómstólsins, Van Gend en Loos og Costa gegn Enel. Í fyrri dómnum mótaðist reglan um bein réttaráhrif og í þeim síðari reglan um forgangsáhrif.

Meginreglurnar um bein réttaráhrif og bein lagaáhrif haldast í hendur, en með beinu réttaráhrifunum er átt við að ESB-réttur geti veitt einstaklingum og lögaðilum réttindi sem og lagt á þá skyldur óháð landsrétti aðildarríkjanna. Skilyrðin fyrir meginreglunni eru að ESB-réttur sé skýr og óskilyrtur svo það sé einfalt að beita reglum ESB-réttar fyrir landsrétti. Það sem felst í meginreglunni um bein lagaáhrif er að reglur ESB-réttar öðlist gildi þótt þær hafi ekki verið innleiddar í landsrétt. Það fari því eftir efni reglugerðarinnar hvort hún hafi bein réttaráhrif og hvort það sé í raun hægt að byggja rétt sinn á henni.

Meginreglan um forgangsáhrif ESB-réttar gefur til kynna að allar reglur ESB-réttar, líkt og stofnsáttmálinn, séu æðri en reglur landsréttar ef upp koma mál þar sem reglur landsréttar og reglur ESB rekast á. Evrópusambandið byggir á því að ESB-réttur hafi forgang að landsrétti. Það sé mikilvægt að samræmis sé gætt í regluverki aðildarríkjanna og því ósanngjarnt að mismuna einu ríki á kostnað annars. Með stofnana og regluverki ESB er gert ráð fyrir því að að forgangsáhrifin hafi tilætluð áhrif svo þau virki. ESB-dómstóllinn hefur því lokaorðið um túlkun reglna, ákvæða og fleiri þátta í ESB-rétti. Reglan um forgangsáhrif tryggir því að Evrópusambandið haldi í við yfirþjóðlegt einkenni sitt m.a. með því að æðstu dómstólar aðildarríkja eigi að skjóta málum til ESB-dómstólsins til bindandi forúrskurðar.

Vert er að skoða hvaða þýðingu þessar reglur hafa í EES-rétti. Evrópska efnahagssvæðið var stofnað á þeim forsendum að EFTA-ríkin hefðu sömu tækifæri til aukinnar samvinnu og þau ríki sem tilheyrðu Evrópusambandinu á þeim tíma. Markmiðið var að mynda svokallaðan innri markað sem fylgdi kröfunni um fjórfrelsið, frelsi til flutninga á fólki, vörum, þjónustu og fjármagns. EFTA-ríkin voru ekki reiðubúin til að taka við öllum þeim skyldum sem fylgdu því að vera hluti af Evrópusambandinu sem leiddi til þess að hafist var handa við gerð EES-samningsins

og öðlaðist hann gildi 1. janúar 1994. Í samningaviðræðum um EES-samninginn var skýrt af hálfu EFTA-ríkjanna að þau vildu ekki framselja löggjafarvald sitt til stofnana ESB líkt og aðildarríki ESB höfðu gert. Ísland taldi það ekki gott fyrir svo smátt ríki að framselja löggjafarvald sitt til svo stórrar alþjóðastofnunar. Hins vegar fólust í EES-samningnum ákveðnar skyldur sem ekki höfðu í för með sér framsal löggjafarvalds. Til að mynda var ekki gert ráð fyrir beinum réttaráhrifum EES-réttar, að því er varðar ólögfestar reglur í landsrétti, sem merkir að ef EES-reglur og reglugerðir væru ekki leiddar í lög samkvæmt stjórnskipulegum skilyrðum hefðu þær ekki bein réttaráhrif í landsrétti. Forgangsáhrif ESB-réttar má finna að einhverju marki í EES-rétti. Það er þó mikill munur þar á milli þar sem EES-samningurinn tekur skýrt fram að hann feli ekki í sér framsal löggjafarvalds heldur hafi EES-reglur forgang hafi þær verið innleiddar í landsrétt. Bókun 35 var lögfest til þess að útskýra hvaða reglum skuli fylgja ef árekstur verður milli EES-reglna og landsréttar. Í bókuninni kemur skýrt fram að EES-reglurnar hafi forgang ef viðkomandi ríki hefur leitt þær í lög.

Meginreglur ESB-réttar eru því með öðrum hætti í EES-rétti. EFTA-ríkin voru ekki tilbúin að framselja löggjafarvald sitt til stofnana ESB. Því varð að finna aðra leið til þess að tryggja markmið EES-samningsins um einsleitni. Sú leið sem var farin er því vel til þess fallin að koma til móts við bæði sjónarmið. EFTA-ríkin hafa aðgang að innri markaði ESB og EES-samningurinn fól ekki í sér framsal löggjafarvalds.

Heimildir

Andrew Jordan og Duncan Liefferink, *The Europeanization of national environmental policy* (Routledge (Taylor & Francis group) 2004)

Björg Thorarensen og Pétur Dam Leifsson, *Þjóðaréttur* (Bókaútgáfan Codex 2011)

Carl Baudenbacher, *Legal framework and case law* (EFTA-dómstóllinn 2008) 10

Davíð Þór Björgvinsson, *EES-réttur og landsréttur* (Bókaútgáfan Codex 2006)

EUR-lex, „Sources of European Union law“ (*EUR-lex, Access to European Union law* 13. mars 2020) <<https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=LEGISSUM%3A14534>>

Evrópustofa. „Saga ESB sáttmálanna“ (*Evrópustofa – upplýsingamiðstöð ESB*) <<https://eeas.europa.eu/archives/delegations/iceland/evropustofa/evropusambandid/hvad-er-esb/esb-i-hnotskurn/saga-sattmalanna.html> > skoðað 20. febrúar 2021

Margrét Einarsdóttir „Ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins – Raunveruleg áhrif í íslenskum rétti“. (2012) Tímarit lögfræðinga, 2. tbl.

Per Tresselt og Katinka Mahieu „Um hugtakið skaðabótaábyrgð ríkis í Evrópurétti“ (2004) Tímarit lögfræðinga, 3. tbl. < <https://timarit.is/gegnir/000844307>>

P.S.R.F. Mathijsen, *A Guide to European Union Law* (8. útg., Sweet & Maxwell 2005)

Rebecca M.M. Wallace og Olga Martin Ortega, *International Law* (8. útg. Sweet & Maxwell 2016)

Sigurður Líndal og Skúli Magnússon, *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins* (Hið íslenska bókmenntafélag 2011)

Sigurður Líndal, *Um lög og lögfræði, Grundvöllur laga – Réttarheimildir*, (Hið íslenska bókmenntafélag 2007)

Stefán Már Stefánsson *EES-samningurinn og lögfesting hans. Tekið saman að tilhlutan umboðsmanns Alþingis við undirbúning að álit í máli nr. 2151/1997, um birtingu og miðlun upplýsinga um „gerðir“ skv. EES-samningnum og réttarreglur sem settar hafa verið á grundvelli þeirra.* (1998) < [Stefán M. Stefánsson \(umbodsmadur.is\)](http://Stefan.M.Stefansson(umbodsmadur.is)) >

Stefán Már Stefánsson, *Evrópusambandið og Evrópska efnahagssvæðið* (Bókaútgáfa Orators 2000)

„Tveggja stoða kerfi EES-samningsins“ (Utanríkisráðuneytið) <<https://www.stjornarradid.is/media/utanrikisraduneyti-media/media/skyrslur/2kafli.pdf> > skoðað 20. apríl 2021.

Udo Bux, „Sources and scope of European Union Law“ (*European Parliament*, 2021)
<<https://www.europarl.europa.eu/factsheets/en/sheet/6/sources-and-scope-of-european-union-law>>